

Nd.

97. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

31. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra, óska upplýsinga eða svars um einstök atriði eða mál, og gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurnir skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Engar greinargerðir skulu skráðar né prentaðar með fyrirspurnum. Forseti felur skrifstofu Alþingis að safna saman þeim fyrirspurnum, er þannig kunna fram að koma, og láta prenta þær vikulega, ef borizt hefur ein fyrirspurn eða fleiri, og útbýta meðal þingmanna á fundi. Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnarlista er útbýtt, skal forseti taka á dagskrá sameinaðs Alþingis í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Gefst ráðherra þá tækifæri að svara fyrirspurnum, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum. Þó mega þingmenn, aðrir en ráðherrar, ekki tala oftar en tvisvar um hverja fyrirspurn, og eigi lengur en 5 mínútur í senn.

Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi þingsköpum, 31. gr., er gert ráð fyrir fyrirspurnum af hálfu þingmanna til ráðherra. Fyrirmælin um meðferð fyrirspurnanna eru þar ærið þunglamaleg, enda hefur reynslan sýnt, að framkvæmdir hafa verið stíðar og ekki horið góðan árangur. Það hefur aftur á móti leitt til þess, að einstakir þingmenn hafa öðru hverju horið fram munnlegar fyrirspurnir í byrjun funda, stundum þá án þess að viðkomandi ráðherra væri viðstaddur og oftast án þess að hann vissi fyrirfram um fyrirspurnina og honum þannig á þann hátt gefið færi á að kynna sér málavexti, og hafa svör því stundum orðið ófullkonnari en æskilegt hefði verið, ef svör yfirleitt hafa komið fram. En auðsætt er á öllu, að þingmenn vilja gjarnan eiga þess kost, að héra fram fyrirspurnir til ráðherra og fá við þeim fljót og greið svör, og er það mjög eðlilegt. Fyrir Alþingi því, er nú situr, liggja 10 fyrirspurnir, sem ennþá hefur ekki verið svarað, þó sumar séu fyrir allöngu fram komnar og leyfðar eftir ákvæðum 31. gr. þingskapanna. Hér er því þörf úrbóta, og er frv. þetta flutt í því skyni.

Efni frv. verður nánar rakið og skýrt í framsögu, en hér aðeins á það bent, að um langan aldur hefur það tíðkapt í brezka þinginu, að líkt skipulag sé viðhaft, og hefur það gefið mjög góða raun og orðið sumum öðrum þingum til fyrirmyndar. Væri því vert að lögbjóða hér á landi slíka háttu, og mundi það án efa, ef skynsamlega og röggssamlega væri framkvæmt, geta orðið til þess að bæta að þessu leyti starfshætti Alþingis.